



FÉL 1A05 – Almenn félagsfræði

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Unnur Gísladóttir
Magnús Einarsson

Netfang/netföng:

unnur@bhs.is
magnuse@bhs.is

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um gagnvirk áhrif einstaklings og samfélags. Nemendur kynnst því hvernig félagsfræðin skoðar samband einstaklings og samfélags. Nemandinn tileinkar sér helstu hugtök félagsfræðinnar svo sem gildi, viðmið, félagslegt taumhald, hnattvæðing, fjölmening, hlutverk, staða, sjálfmynd og notar þau til að greina umhverfi sitt nær og fjær. Fjallað er um þróun íslensks samfélags og megineinkennum þess lýst. Sérstök áhersla er lögð á að fjalla um menningarlegt umhverfi, félagsmótun einstaklingsins almennt, málefni fjölskyldunnar, kynhlutverk og mikilvægi stjórn mála í síbreytilegum heimi. Þá er fjallað að hluta um félagsfræðina sem fræðigrein og námsgrein og helstu frumkvöðlar hennar eru kynntir.

Þekking, leikni, hæfni:

- Að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á grunnhugtökum félagsfræðinnar, uppruna hennar og þróun og tengslum hennar við daglegan veruleika.
- Að nemandinn þjálfist í að afla upplýsinga um samfélagsleg og menningarleg málefni og geti greint þau með félagsfræðilegum hætti.
- Að nemandinn geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að auka hæfni sína til samskipta og tjáningar.
- Að nemandinn temji sér að setja sig í spor annarra og virði mannréttindi og siðferðileg gildi.
- Að nemandinn hafi grunn til að byggja á til áframhaldandi náms í félagsfræðum.

Námsmat:

Fjögur hlutapróf – 40% (hvert próf gildir 10%)

Verkefnavinna – 50% Verkefni úr einstaka efnispáttum, verkefni eru fimm talsins (hvert gildir 10%)

Kennaramat – 10% Kennari heldur utan um virkni, þátttöku og undirbúning nemenda sem og verkefni sem unnin eru í tíma.

Námsgögn:

Kemur félagsfræðin mér við? Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg, Stefán Karlsson. IÐNÚ 2015

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Í ljósi aðstæðna fer námið fram í fjarnámi að mestu. Gerð er krafa um mætingu nemenda í fjarkennslu á INNU og verði bæði í hljóði og mynd.

Gerð er krafa um að almennar og óútskýrðar **fjarvistir fara ekki upp fyrir 10% af heildarmætingu**, í samræmi við skólasóknarreglur. Mikil áhersla er á mætingu.

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
34	18.-21. ágúst	Kynning á námsáætlun og áfanganum. Byrjað á kafla 2: Menning	
35	24.-28. ágúst	Kafli 2: Menning	Verkefni 1 - 10%
36	31. ág.- 4. sept.	Kafli 2: Menning	Hlutapróf 1 - 10%
37	7.-11. sept.	Kafli 3: Samfélagið	
38	14.-18. sept.	Kafli 3: Samfélagið	Verkefni 2 – 10%
39	21.-25. sept.	Kafli 3: Samfélagið	Hlutapróf 2 – 10%
40	28.sept- 2. okt.	Kafli 4: Félagsmótun	Varða I
41	5.-9. okt.	Kafli 4: Félagsmótun	
42	12.-16. okt.	Kafli 4: Félagsmótun	Verkefni 3 – 10%
43	19.-23. okt.	Kafli 5: Fjölskyldan	Hausthlé
44	26.-30. okt.	Kafli 5: Fjölskyldan	
45	2.-6. nóv.	Kafli 5: Fjölskyldan	Hlutapróf 3 – 10% Varða II
46	9.-13. nóv.	Kafli 1: Félagsfræðin sem fræðigrein	
47	16.-20. nóv.	Kafli 6: Stjórnmal	Verkefni 4 – 10%
48	23.-27. nóv.	Kafli 6: Stjórnmal	
49	30.nóv.- 4. des.	Kafli 7: Trúarbrögð	Hlutapróf 4 – 10%
50	7.-11. des.	Kafli 7: Trúarbrögð	Verkefni 5 – 10% Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um góðan árangur á önninni,

Unnur og Magnús